

Reglur um akstursþjónustu fatlaðs fólks

I. kafli

Grundvöllur þjónustu

1. gr.

Lagagrundvöllur

Reglur þessar eru settar skv. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Einnig er stuðst við leiðbeiningar félagsmálaráðuneytisins fyrir sveitarfélög um akstursþjónustu við fatlað fólk frá 22. apríl 2020.

2. gr.

Markmið

Borgarbyggð veitir fötluðu fólki, skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir kost á akstursþjónustu til að skapa fötluðu fólki skilyrði til að lifa sem eðlilegustu lífi miðað við getu hvers og eins. Auk þess að jafna mun sem kann að vera á aðgengi fatlaðs fólks og ófatlaðs að almenningssamgöngum.

3. gr.

Skilgreining þjónustu

Þjónustusvæði akstursþjónustunnar miðast við landfræðileg mörk Borgarbyggðar. Ferð er skilgreind sem akstur milli tveggja staða, en ekki akstur fram og til baka innan þjónustusvæðis. Við sérstakar aðstæður er hægt að óska eftir akstri utan þjónustusvæðis.

4. gr.

Skilyrði fyrir samþykki

Forsendur úthlutunar akstursþjónustu skv. reglum þessum eru eftirfarandi:

- a) Að notandi eigi lögheimili í sveitarfélaginu
- b) Að notandi geti ekki nýtt sér almenningsfarartæki vegna fötlunar

Reglur þessar taka ekki til þeirra sem eru eldri en 67 ára. Hafi einstaklingur sem orðinn er 67 ára talist fatlaður samkvæmt lögum um málefni fatlaðra og notað akstursþjónustu fatlaðs fólks áður en hann náði þeim aldri á hann þó rétt á því áfram á meðan þörf krefur.

II. kafli

Umsóknir og mat

5. gr.

Umsókn um akstursþjónustu

Sótt er um akstursþjónustu í þjónustugátt Borgarbyggðar. Umsækjandi getur veitt öðrum umboð til að sækja um fyrir sína hönd. Í umsókn þurfa að koma fram ástæður umsóknar og rökstudd ósk um fjölda ferða og fyrirhuguð erindi.



Með umsókn skulu fylgja öll nauðsynlegt gögn sem þarf til að meta færni umsækjanda s.s. læknisvottorð eða greining á fötlun. Þó er heimilt er að vísa til gagna sem þegar hafa verið send félagsþjónustunni.

6. gr.

Afgreiðsla umsóknar

Umsókn er tekin fyrir á afgreiðslufundi félagsþjónustunnar þegar umsókn og nauðsynleg gögn hafa borist. Aðstæður umsækjanda eru kannaðar svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn hefur borist.

Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem við á. Fari persónulegur talsmaður með málefni umsækjanda skal hann leggja fram samkomulag við hinn fatlaða, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 88/2011 um réttindagæslu fyrir fatlað fólk því til staðfestingar. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

7. gr.

Gildistími samþykkrar þjónustu

Þjónustan er að jafnaði veitt í eitt ár í senn, en við ákvörðun má taka mið af þjónustubörfum hvers og eins. Sé akstursþjónustu óskað áfram, að þeim tíma liðnum, skal notandi skila umsókn um endurnýjun og gera grein fyrir öllum breytingum sem kunna að hafa orðið á aðstæðum hans og þjónustubörf.

III. kafli

Framkvæmd þjónustu

8. gr.

Skilgreining á þjónustu, fjöldi ferða og þjónustusvæði

Viðmið um ferðafjölda skal taka mið af þörfum hvers og eins. Þegar um er að ræða ferðir vegna atvinnu eða náms skal miða við að hver og einn notandi fái eins margar ferðir og eðlilegt má telja að nauðsynlegt sé. Auk þess á einstaklingur rétt á að lágmarki tveimur ferðum þá daga sem viðkomandi sækir þjónustu á þjónustustofnanir eða aðra nauðsynlega þjónustu sem veitt er fótluðu fólki. Ferðir vegna afþreyingar eða tómstunda skulu metnar í samráði við hvern og einn.

Akstursþjónusta er veitt á virkum dögum á milli kl. 07:30 og 24:00 og um helgar á milli kl. 08:00 og 20:00.

9. gr.

Pantanir og gjaldtaka

Notendur panta akstursþjónustu í gegnum netfangið dagleid@vesturland.is en einnig er hægt að hafa samband við þjónustuver Borgarbyggðar og fá frekari aðstoð.

Pantanir skulu að jafnaði berast þremur sólahringum fyrir áætlaðan ferðatíma. Ekki er unnt að tryggja að hægt sé að veita þjónustu, ef pantanir berist með skemmri fyrirvara, þó reynt sé að bregðast við. Notendur skulu veita upplýsingar fyrirfram um fastar ferðir næstu vikur eða mánuði t.d. vegna vinnu eða skólagöngu til að hægt sé að leita hagræðis við skipulagningu ferða. Afþöntun ferða skal fara fram með a.m.k. 2 klst. fyrirvara, að öðrum kosti telst ferðin

SPK

með í uppgjöri bæði gagnvart sveitarfélagi og notanda. Mæti notandi ekki á upphafsstað ferðar á tilsettum tíma telst ferðin einnig með í uppgjöri gagnvart sveitarfélagi og notanda.

Fargjöld notenda fyrir akstursþjónustu taka mið af ákvörðun sveitastjórnar og tekur breytingum 1. janúar ár hvert nema um annað er samið. Fargjald fyrir aðra farþega er það sama og fyrir notandann. Ekki er tekið gjald vegna aðstoðarfólks notanda.

Fötluð börn og ungmenni fá 50% afslátt af akstursgjaldi.

10. gr. Tilhögun ferða

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur frá einum stað til annars. Öllu jöfnu eru ferðir innan marka Borgarbyggðar sbr. 3. gr.

Notendur skulu vera tilbúnir til brottfarar í anddyri brottfararstaðar á umsömdum tíma. Við sérstakar aðstæður skal veita notenda aðstoð við að komast frá brottfararstað í bílinn. Ekki er beðið á meðan notandi sinnir erindi sínu. Notanda sem ekið er til læknis eða í aðra sérfræðiþjónustu er heimilt að hringja eftir akstri til baka að viðtali loknu enda hafi ekki verið vitað fyrirfram hvenær viðtalinu lyki.

Bílstjórum er ekki heimilt að sinna erindum fyrir notendur.

Akstursþjónustan byggist á samnýtingu ökutækja þannig að fleiri en einn notandi ferðast að jafnaði saman.

11. gr. Aðrir farþegar og aðstoðarmenn

Notanda er heimilt að hafa með sér einn farþega og greiðir notandinn þá sama gjald fyrir hann. Börn og ungmenni undir 18 ára aldri í fylgd með fötluðum foreldrum greiða ekkert gjald. Geti notandi ekki ferðast einn, getur akstursþjónustan krafist þess að aðstoðarmaður fylgi honum. Fyrir aðstoðarmann er ekki greitt fargjald.

12. gr. Öryggi og tengd atriði

Allur bílakostur vegna akstursþjónustunnar er útbúinn samkvæmt reglugerð um gerð og búnað ökutækja og er öryggisprófaður.

Við ráðningu bifreiðastjóra skal liggja fyrir sakavottorð og heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá. Hið sama á við um verktaka sem kann að vera samið við vegna þjónustunnar.

Óheimilt er að ráða starfsmann til akstursþjónustu sem hlotið hefur refsíðóm fyrir brot á ákvæðum XXII., XXIII. eða XXIV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum. Hafi umsækjandi gerst sekur um brot á ákvæðum annarra laga skal meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna starfi sem bifreiðastjóri.

SSK

13. gr.

Annars konar akstursþjónusta

Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk getur einnig falist í því að starfsfólk aki bifreið fatlaðs einstaklings sem hluti af stoðþjónustu. Akstursþjónusta getur einnig tengst framkvæmd notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA) en er þó ekki hluti af samkomulagi um NPA. Einstaklingsbundna samninga um slíkt fyrirkomulag skal gera milli notanda, starfsmanns og sveitarfélags þar sem kveðið er á um greiðslu kostnaðar og tekið tillit til skattlagningar á greiðslum. Í samningi skal jafnframt koma fram hvaða tryggingarvernd sé til staðar fyrir notanda og starfsmann. Einnig hvernig farið skuli með tjonstilvik, greiðslu sjálfsábyrgðar og aðra þætti eftir þörfum.

IV. kafli

Málsmeðferð

13. gr.

Leiðbeiningar og ráðgjöf

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og upplýsinga sem og ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en af öðrum kosti við persónulegan talsmann hans eða umboðsmanns hans ef við á. Persónulegur talsmaður skal leggja fram samkomulag við hinn fatlaða sbr. ákvæði 1.mgr. 7.gr. laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður Fjölskyldusviðs bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um önnur réttindi sem hann kann að eiga. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna umsóknar skv. reglum þessum og aðstoða við öflun nauðsynlegra gagna ef þörf er á.

14. gr.

Varðveisla ganga, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málsgögn er varða persónuupplýsingar skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn og fulltrúar sveitarfélagsins kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi. Starfsmenn eru bundnir trúnaði helst þagnarskyldan þótt látið sé af störfum.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

15. gr.

Heimild til ákvarðana

Starfsmenn Fjölskyldusviðs Borgarbyggðar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði sviðsstjóra fjölskyldusviðs Borgarbyggðar sem hefur umboð til fullnaðarafgreiðslu mála skv. viðauka nr. 1.6 í samþykktum um stjórn Borgarbyggðar. Ákvarðanir þeirra eru endanlegar og krefjast ekki staðfestingar velferðarnefndar eða sveitarstjórnar.

SBK

16. gr.
Kynning á ákvörðun

Kynna skal niðurstöðu umsóknar fyrir umsækjanda með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal notandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða og reglna, eftir því sem á við. Þar skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til frekari rökstuðnings og réttur til að áfrýja afgreiðslunni.

17. gr.
Málskotsréttur

Umsækjandi getur skotið ákvörðun til úrskurðarnefndar velferðarmála. Kæra skal berast úrskurðarnefnd velferðarmála skriflega innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina.

18. gr.
Endurupptaka

Eftir að ákvörðun hefur verið tilkynnt aðila máls á hann rétt á því að mál hans sé tekið til meðferðar á ný, innan þriggja mánaða frá því ákvörðun var kynnt, ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum.

19. gr.
Gildistaka

Reglur þessar taka gildi frá og með 16. janúar 2025. Frá sama tíma falla úr gildi reglur um ferðapjónustu fatlaðra og aldraðra frá 21. apríl 2015.

Fyrir hönd Borgarbyggðar



Stefán Broddi Guðjónsson

Tekið fyrir í velferðarnefnd Borgarbyggðar 9. desember 2024.

Staðfest í sveitastjórn Borgarbyggðar 16. janúar 2025.